

Sjóðfélagafundur Gildis - 24. nóvember 2016

Ágætu sjóðfélagar.

Ég býð ykkur velkomin á þennan sjóðfélagafund Gildis.

Árni framkvæmdastjóri sjóðsins mun fara hér á eftir yfir starfsemina það sem af er þessu ári. Eftir mjög góða niðurstöðu sjóðsins síðastliðin fjögur ár þar sem raunávöxtun hefur mælst á bilinu 5,5% til 8,9% er ljóst að styrking íslensku krónunnar á þessu ári mun hafa neikvæð áhrif á erlenda eignasafn sjóðsins til skamms tíma. Hér er þó mikilvægt að horfa til þess að Gildi lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og þegar horft er til síðustu áratuga er íslenska krónan í veikari stöðu til lengri tíma gagnvart helstu viðskiptagjaldmiðlum svo sem Bandaríkjadollars og Evru.

Til þess að fylgja eftir áhættudreifingu sjóðsins verður frekari losun hafta nýtt til fjárfestinga erlendis til samræmis við fjárfestingastefnu Gildis.

Veruleg aukning í lánveitingum til sjóðfélaga

Til þess að styðja enn frekar við áhættudreifingu sjóðsins hefur Gildi haldið áfram þeirri vegferð að vera í fremstu röð með hagstæðustu húsnæðislánin sem bjóðast á íslenskum húsnæðismarkaði í dag. Sjóðfélagar Gildis hafa brugðist vel við hagstæðari húsnæðislánakjörum sem hefur leitt til þess að vægi húsnæðislána í heildareignasafni sjóðsins aukist úr tæpum 3% í tæp 4% á fyrstu níu mánuðum þessa árs.

Áfram unnið að bættri hluthafastefnu

Hluthafastefna Gildis hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár. Þannig ákvað stjórn Gildis að birta upplýsingar um atkvæðagreiðslu og tillögugerð sjóðsins á aðalfundum skráðra hlutafélaga til að auka gegnsæi um störf sjóðsins sem hluthafa. Hluthafastefnan mun áfram vera í þróun og gilda sem vegvísir sjóðsins sem lítur að stefnu og stjórnarháttum Gildis sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í.

Samið um aukin réttindi á almenna markaðnum

Það var vissulega stórum áfanga náð í lífeyrisréttindum starfsmanna á almennum vinnumarkaði þegar samið var um jöfnun lífeyrisréttinda við opinbera starfsmenn í kjarasamningum ASÍ og SA í ársbyrjun 2016. Þann 1. júlí 2016 hækkuðu iðgjöldin um

0,5% og fóru í 12,5% en 1. júlí 2017 hækka þau í 14% og síðan aftur 1. júlí 2018 um 1,5% þegar þau verða komin í 15,5%. Hægt verður að ráðstafa þessum viðbótariðgjöldum í bundna séreign sem Gildi mun kynna nánar síðar.

Hins vegar eru verulegar blikur á lofti þar sem ekki náðist sátt um frumvarp sem leggja átti fyrir þinglok síðasta kjörtímabil þar sem formgera átti jöfnun lífeyrisréttinda almennra og opinberra starfsmanna. Opinberu lífeyrissjóðirnir hafa lengi staðið frammi fyrir miklum halla og þegar ljóst var að frumvarpið yrði ekki fram lagt fyrir þinglok tók stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) þá ákvörðun að lífeyrissjóðsiðgjöldin myndu hækka um 3,6% og færu því í 19,1% frá og með 1. janúar 2017. Staðan hjá Brú lífeyrissjóði sveitarfélaga er enn verri en hjá LSR þar sem stjórn Brúar tók þá ákvörðun að heildariðgjöld færu í 20,8% frá 1. janúar 2017.

Hjá Gildi eru yfir 6.000 sjóðfélagar sem eru nú starfandi hjá sveitarfélögum, ríki, hjúkrunarheimilum eða sjálfseignarstofnunum sem heyra undir opinbera markaðinn. Í kjarasamningum þessara sjóðfélaga eru ákvæði þess efnis að hækki lífeyrisiðgjöld hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá gildi sama hækkun á lífeyrisiðgjöldum til sjóðfélaga Gildis sem starfa á opinbera markaðnum. Afleiðingin er hins vegar sú að með því er farið fram úr þeim kostnaðarramma sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Það kæmi þá til endurskoðunar á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í maí á næsta ári með tilheyrandi óróa á vinnumarkaði.

Það er því ljóst að það hvílir mikil ábyrgð á aðilum vinnumarkaðarins en ekki síður nýrri ríkisstjórn að leysa úr því ójafnvægi sem blasir við milli opinbera og almenna lífeyriskerfisins. Forystumenn opinberra starfsmanna hafa kallað eftir því að ný ríkisstjórn finni lausn á málinu með nýju lagafrumvarpi fyrir næstu áramót.

Hækkun lífeyrisaldurs og aukin örorka

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur birt nýjar íslenskar dánar- og eftirlifendatöflur byggðar á reynslu árána 2010-2014. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að meðalaldur sjóðfélaga muni hækka sem eykur verulega skuldbindingar Gildis. Horft hefur verið til þess að mæta þeim með hækkun ellilífeyrisaldurs í 70 ár sem er nú 67 ár hjá Gildi og öðrum sjóðum sem heyra undir almenna markaðinn. Opinberir starfsmenn hefja hins vegar töku lífeyrisaldurs við 65 ára aldur sem skekkir enn frekar muninn milli almenna og opinbera lífeyriskerfisins. Hér er því enn önnur áskorun sem verður ekki leyst nema með aðkomu ríkisins.

Frá 2014 til 2015 fjölgaði örorkulífeyrisþegum Gildis um tæplega 27% og námu örorkulífeyrisgreiðslur 4,3 milljörðum króna fyrir árið 2015. Samstarf Gildis og Virk er mikilvægt í þessu samhengi og mun Vigdís framkvæmdastjóri VIRK starfsendurhæfingarsjóðs fara yfir samstarf Gildis við VIRK hér á eftir. Við þurfum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort að við séum að ná ásættanlegum árangri við að aðstoða fólk að nýju út á vinnumarkaðinn eftir áföll af völdum slysa og sjúkdóma. Hér er um stóran samfélagsvanda að ræða þar sem samspil almannatryggingakerfisins við lífeyriskerfið spilar stóran þátt sem þýðir enn aðra áskorun sem kallar á aðkomu ríkisins.

Harpa Ólafsdóttir, formaður stjórnar Gildis